



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

542. stjórnarfundur 30. apríl 2020 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir og Hjördís Baldursdóttir nýr starfsmaður Keflavíkur.

Fjarverandi: Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

## 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ tvo bréf Hreyfivika 25.-31. maí. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá ÍSÍ spurningarlisti til íþrótt- og ungmennafélaga og deilda þeirra vegna fjárhagslega afleiðinga Covid 19. *Móttekið og sent á deildir.*

Tölvupóstur frá Embætti landlæknis minnisblað. *Móttekið og sent á deildir.*

Tölvupóstur frá Ríkissaksóknara/UMFÍ sakavottorð. *Móttekið.*

## 3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á RSK vegna niðurlagningu tveggja kennitala karate- og keildudeildar. Bréf sent í tölvupósti. Erindi frá knattspyrnudeild á Guðlaugs H. Sigurjónssonar framkvæmdastjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar vegna malavallar við Hringbraut.

Tölvupóstur sendur á UMFÍ vegna upplýsingaöflun úr sakaskrá ríkisins.

Bréf sent á Arnar Hreinsson Landsbanka Íslands útibú Reykjanesbæ vegna heimildar til yfirdráttu körfuknattleiksdeildar.

## 4. Nýr starfsmaður Hjördís Baldursdóttir.

Einar bauð Hjördísi velkomna á fundinn og til starfa, en hún hóf störf sem íþróttastjóri Keflavíkur 18 apríl. Hjördís fór síðan yfir það sem búið væri að gera og hvað væri framundan. Er búin að hitta formenn og gjaldkera deilda.

## 5. Staða deilda

Staða deilda er misjöfn og fer svolítið eftir stærð og umfangi hvernar deildar fyrir sig. Garðar sagði frá fundi sem hann ásamt Einari áttu með Gunnlaugu Oslen.

## 6. Umhverfisdagur Keflavíkur

Ákveðið að fresta umhverfisdeginum um óákveðin tíma.

## 7. Hreyfivika UMFÍ 25. – 31. maí

Hreyfivika UMFÍ verður haldinn 25. – 31. maí og er verið að fá skólana til að taka þátt með því að fara í brennibolta.

## 8. Önnur mál

Einar var á fjarfundi með ÍT ráðinu 16. apríl.

Einar sagði að búið væri að gera nýjan samning við Nóra Búið að stækka hann og erum við nú komin með aðgang að vefverslun og Sideline

Búið er að gera samning við Borgun vegna vefverslunar í Nóra

Framkvæmdastjóra heimilt að kaupa inn á skrifstofur félagsin að upphæð 300.000-kr.

Næsta fundur 14. maí kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 19:20. Fundinn ritaði Einar Haraldsson